

Vestmannaeyjum, 5. mars 2019

Tillaga um rannsókn og ósk um tilnefningu rannsóknarmanna skv. 1. mgr. 97. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, lögð fram á aðalfundi Landsbankans hf. þann 20. mars 2019

Aðalfundur Landsbankans hf., haldinn 20. mars 2019, samþykkir að fram fari rannsókn og óskað verði eftir að ráðherra tilnefni rannsóknarmenn í samræmi við 1. mgr. 97. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, varðandi neðangreinda starfsemi er varðar aðkomu Landsbankans hf. og starfsmanna hans vegna tilfærslu eigna félagsins Línuskipa ehf., kt. 411104-2730, síðar XX26 ehf., í Brimi hf. og Vinnslustöðinni hf. frá árinu 2007 til 2010 til Línuskipa ehf. kt. 500797-2669, (áður Útgerðarfélag Akureyringa) og Stillu útgerðar ehf. kt. 620103-2920, mögulega á verulegu undirverði.

Atriði sem rannsökuð verði með vísan til 1. mgr. 97. gr. laga um hlutafélög:

1. Fór fram verðmætamat á hlutafé í Brimi hf. (nú Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.) og eignarhlut í Vinnslustöðinni hf. hf., þegar eignirnar voru fluttar frá félaginu Línuskip ehf., kt. 411104-2730, (síðar XX26 ehf.), sem varð gjaldþrota?
2. Var það með samþykki bankaráðs Landsbankans að þessi viðskipti voru heimiluð?
3. Voru þessi viðskipti í samræmi við verklagsreglur bankans á þeim tíma sem þau áttu sér stað?
4. Var það í samræmi við verklagsreglur bankans að eiga viðskipti við fyrirtæki, sem ekki skila inn ársreikningum sínum til Fyrirtækjaskrár RSK, líkt og lög kveða á um?
5. Hvaða einstaklingar innan bankans komu að þessu viðskiptum?
6. Hefði verið hægt að fá hærra verð fyrir eignirnar hefði bankinn leyst þær til sín og selt í venjulegu sölufarli og hagsmunum bankans betur borgið með þeim hætti?

Þá verði rannsakað hvort framangreind viðskipti hafi valdið Landsbankanum sem veðhafa í öllum eignum Línuskipa hf. (síðar XX26 ehf.) tjóni, en meðfylgjandi skýrsla frá endurskoðunarfélaginu PwC bendir sterklega til að svo hafi verið. Verði tillagan samþykkt verður í framhaldinu óskað eftir tilnefningu ráðherra á rannsóknarmönnum sem falið verði að rannsaka ofangreint, með vísan til framangreindrar 1. mgr. 97. gr. hlutafélagalaga.

f.h. Seilar ehf., hluthafa í Landsbankanum hf.

Jóhann Pétursson

hæstaréttarlögmaður

kt. 220761-3719

Jóhann Pétursson, hrf.

Landsbankinn hf.
Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs
Austurstræti 11
101 Reykjavík.

Vestmannaeyjum 5 mars 2019.

Efni: Greinargerð vegna tillögu um rannsókn skv. 1. mgr. 97. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995

Seil ehf., kt. 560103-3010, eigandi að hlutafé í Landsbankanum að fjárhæð kr. 49.706 að nafnverði, sem er 0,00021% af heildarhlutfé bankans, flytur tillögu um rannsókn og ósk um tilnefningu rannsóknarmanna skv. 1. mgr. 97. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög á hluthafafundi Landsbankans 20. mars 2019.

Með bréfi þessu gerir Seil ehf. þá kröfu að á aðalfundi Landsbankans hf., sem haldinn verður 20. mars nk. verði flutt tillaga Seilar þess efnis að rannsakað verði og óskað eftir að ráðherra tilnefni rannsóknarmenn í samræmi við 1. mgr. 97. gr. sem verði falið að rannsaka atriði er varðar aðkomu Landsbankans hf. og starfsmanna hans vegna tilfærslu eigna félagsins Línuskipa ehf., kt. 411104-2730 (síðar XX26 ehf.) í Brimi hf. og Vinnslustöðinni hf., árunum 2007 til 2010, til félagsins Línuskip ehf., kt. 500797-2669 (áður Útgerðarfélag Akureyringa ehf.) og Stillu útgerðar ehf., kt. 620103-2920, á verulegu undirverði. Línuskip ehf., kt. 411104-2730, (síðar XX26 ehf.) var áður móðurfélag útgerðarfélagsins Brims hf., kt. 410998-2629 sem nú hefur verið nafnbreytt í Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. og var einnig eigandi hlutfjár í Vinnslustöðinni hf.

Endurskoðunarfyrirtækið PwC hefur tekið saman að, beiðni Seilar, meðfylgjandi skýrslu, þar sem dregin hafa verið fram ýmis álitamál í tengslum við eignatilfærslur frá félaginu Línuskip ehf., kt. 411104-2730, áður en félagið var úrskurðað gjaldþrota árið 2014, sem og upplýsingagjöf í ársreikningum félagsins og tengdra félaga á árunum 2007 – 2010. Að mati Seilar eru uppi vísbendingar um að Landsbankinn og einhverjir starfsmenn hans hafi komið að þessu máli, þannig að rétt sé og eðlilegt að rannsókn fari fram, þannig að spurningum sé svarað og málið upplýst í þágu allra hluthafa bankans.

Landsbankinn var á árunum 2007 til 2010 aðalviðskiptabanki Línuskipa ehf. (síðar XX26 ehf.), en vísbendingar eru uppi um að félagið hafi verið í verulegum fjárhagsörðuleikum, jafnvel gjaldþrota strax á árinu 2007. Þá eru uppi grunsemdir um að Landsbankinn hf., sem viðskiptabanki félagsins, hafi hlutast til um að fyrrverandi eigandi Línuskipa ehf., Guðmundur Kristjánsson, héldi verðmætustu eignum félagsins, útgerðarfélaginu Brim hf. og hlutfjáreign

í Vinnslustöðinni hf. Grunsemdir eru um að eignir þessar hafi verið fluttar til tengdra félaga á verði sem gæti talist lægra en verð í viðskiptum ótengdra aðila. Að mati Seilar ehf. er rétt og eðlilegt að rannsókn fari fram, þannig að spurningum sé svarað og málið upplýst.

Í ljósi ofangreinds er það krafa Seilar ehf. að á aðalfundi Landsbankans, sem haldinn verður 20. mars nk. verði flutt tillaga um rannsókn og ósk um skipan rannsóknarmanna skv. 1. mgr. 97. gr. hlutafélagalaga til að rannsaka og meta eftirfarandi atriði í starfsemi bankans.

1. Fór fram verðmætamat á hlutafé í Brimi hf. (nú Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.) og eignarhlut í Vinnslustöðinni hf. hf., þegar eignirnar voru fluttar frá félaginu Línuskip ehf., kt. 411104-2730, (síðar XX26 ehf.), sem varð gjaldþrota.
2. Var það með samþykki bankaráðs Landsbankans að þessi viðskipti voru heimiluð?
3. Voru þessi viðskipti í samræmi við verklagsreglur bankans á þeim tíma sem þau áttu sér stað?
4. Var það í samræmi við verklagsreglur bankans að eiga viðskipti við fyrirtæki, sem ekki skila inn ársreikningum sínum til Fyrirtækjaskrár RSK, líkt og lög kveða á um?
5. Hvaða einstaklingar innan bankans komu að þessu viðskiptum?
6. Hefði verið hægt að fá herra verð fyrir eignirnar, hefði bankinn leyst þær til sín og selt í venjulegu söluferli og hagsmunum bankans betur borgið með þeim hætti?

Að mati Seilar ehf., sem hluthafa í Landsbankanum, er einsýnt að með þessum viðskiptum, sem fóru fram með samþykki Landsbankans sem veðhafa í öllum eignum Línuskipa hf. (síðar XX26 ehf.) að bankanum var með þessu háttarni valdið tjóni, banka í eigu íslensku þjóðarinnar, en að mati Seilar má ætla að tjónið nemi a.m.k. 5,8 milljörðum króna með vísan til skýrslu endurskoðunarfyrirtækisins PwC.

Um er að ræða slíka fjárhæð að rétt er og eðlilegt að fram fari rannsókn á viðskiptunum, bæði til að tryggja að slíkt komi ekki fyrir í framtíðinni, en einnig hvort þeir sem að komu beri mögulega skaðabótaábyrgð gagnvart bankanum, þannig að bankinn geti tryggt sína hagsmuni.

Meðfylgjandi kröfu þessari er skýrsla endurskoðunarfélagsins PwC um áðurnenda þætti. Að mati Seilar er ekkert í þessari beiðni, sem er í andstöðu við ákvæði laga er varða bankaleynd.

Gert er ráð fyrir því að verði tillagan samþykkt með atkvæðum hluthafa sem ráða yfir minnst 10% hlutfjár Landsbankans verði hún send ráðherra og þess óskað að hann skipi tvo rannsóknarmenn, lögfræðing og löggiltan endurskoðanda.

Virðingarfyllst,

f.h. Seilar ehf.


Johann Petursson
Johanna Petursson
kt. 220761-3719